

Ed.

163. Frumvarp til laga

um landssmiðju.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur starfrækja smiðju, er fæst við viðgerðir skipa, smíði mótorá og annara véla, og aðra smíði, og nefnist hún landssmiðja.

2. gr.

Landssmiðjan annast allskonar smíði fyrir einstaklinga og félög, er þess kunna að óska, og auk þess annast hún alla smíði, sem hún getur tekið að sér, fyrir þá starfrækslu, er ríkið hefir með höndum, og þær stofnanir, sem eru ríkiseign, svo sem skipaútgerð, skóla, sjúkrahús, vita- og vegamálastofur, landssima og ríkisútvarp, enda séu vinnubrögð og verðlag, að dómi ríkisstjórnarinnar, ekki óhagstæðari en annarsstaðar innanlands, og getur ráðherra látið sanna með útbóði, að svo sé, þegar um meiri háttar verk er að ræða. Ríkisstjórnin getur mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta gera innanlands, enda sé um sambærilegt verð og vinnubrögð við aðrar samskonar smiðjur að ræða, eins og áður segir.

Landssmiðjunni er heimilt að verja árlega af ágóða sínum nokkrum hluta, er ríkisstjórnin ákveður, til þess að vinna að smíðum, er islenskir hugvitsmenn hafa gert uppdrætti að. Þó skal jafnan leitað umsagnar kunnáttumanna, er ríkisstjórnin tilhefnir, um væntanlega nytsemi nýsmiðinnar, áður en hún er ákveðin.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir landssmiðjunni lóð undir nauðsynleg mannvirki, og sé þess gætt, að bæta megi við byggingar eftir því, sem starfssvið smiðjunnar stækkar. Skal landssmiðjan hafa hverskonar umráðarétt yfir lóðinni. Ennfremur skal ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur til bygginga og vélakaupa, allt að 100000 krónum. Jafnskjótt og lóðin hefir verið afhent, skal landssmiðjunni heimilt að hefja smíði þeirra verkstæða, er henni eru nauðsynlegust, að því leyti, sem fé hrekkur til, og skal ríkisstjórnin gæta þess, að mannvirki þessi séu í samræmi við heildaruppdrátt, er hún fellst á, af þeim byggingum, sem ætla má, að reistar verði á lóðinni vegna starfrækslu landssmiðjunnar.

4. gr.

Nú er lagt fé til landssmiðjunnar í fjárlögum, og skal þá litið á það sem lánsfé, er landssmiðjunni sé skylt að endurgreiða, enda verði samningur gerður milli landssmiðjunnar og ríkisstjórnarinnar um lánskjör og endurgreiðslu áður en fé sé afhent.

5. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstjóra fyrir landssmiðjuna, og skal það vera maður vel að sér um vélfræði og um smíði. Forstjóri annast stjórn fyrirtækisins í samráði við ráð það, sem samkv. lögum nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, hefir eftirlit með landssmiðjunni. Ríkisstjórnin ákveður laun forstjóra og annara fastra starfsmanna landssmiðjunnar, þar til þau verða ákveðin í launalögum. Forstjóri ræður aðra starfsmenn til landssmiðjunnar.

6. gr.

Nú verður ágóði af starfsemi landssmiðjunnar, og skal þá leggja hann í stofnsjóð fyrirtækisins, eftir að lagt hefir verið til hliðar fyrir fyrningu og í

varasjóði, svo sem fyrir er mælt í reglugerð, er ríkisstjórnin setur, endurgreidd lán þau, sem fyrirtækið kann að hafa tekið, eða fé lagt til hliðar til endurgreiðslu þeirra.

7. gr.

Landssmiðjan greiðir eigi útsvar til bæjar eða sveitar, en greiða skal hún til bæjar eða sveitar eftir reglum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt til ríkisins eins og væri hér um einkafyrirtæki að ræða.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.